

Fimmtudaginn 19. mars 1998.

Nr. 327/1997.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir, settur saksóknari)
gegn

Andra Páli Jónssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1997 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins. Tekur áfrýjunin til málsins í heild, að því er ákærða varðar, og krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara þess, að refsing hans verði milduð. Ákærvaldið krefst staðfestingar á niðurstöðu dómsins um sakfellingu ákærða ásamt því, að refsing hans verði þyngd. Þeim þætti málsins, er varðar ákæru á hendur Jóni Birni Lárussyni fyrir líkamsárás gegn ákærða, er ekki áfrýjað.

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness greinir skilmerkilega frá því, sem upplýst er um atvik að tvennum átökum milli ákærða og Jóns Björns Lárussonar, er urðu í og utan við fjölbýlishús í Keflavík að morgni nýársdags 1997. Urðu hin fyrri framan við bygginguna, eftir að Jón Björn beitti valdi til að færa ákærða út úr íbúð í húsinu, þar sem nokkrir ungir menn voru saman komnir. Er það mat dómenda í héraði, að Jón Björn hafi blandað sér óbeðinn í viðskipti ákærða og húsráðanda í íbúðinni og efnt til átakanna án réttmæts tilefnis. Í þeim virðist Jón Björn hafa haft undirtökin að öllu leyti, og beitti hann ákærða niðurlægjandi tókum, auk þess sem ákærði missti þar augnlinsur sínar.

Síðari átökin urðu um klukkustund síðar eða nokkru fyrr, eftir að ákærði hafði farið heim til sín skamman spöl í mikilli geðshræringu og snúið síðan aftur að húsinu. Hafði hann þá meðferðis dúkahníf og tvö skrufjárn, sem hann hafði gripið úr verkfæraskáp föður síns,

eftir að foreldrar hans fjarlægðu veiðihníf, er hann hugðist taka með sér. Einnig hafði hann sett upp gleraugu.

Þegar ákærði kvaddi dyra, hitti hann húsráðandann fyrir, en hann var kunningi þeirra Jóns Björns. Ræddi hann við ákærða í útidyrnum nokkra stund og taldi hann hafa róast nokkuð og verið um það bil að sættast á að fara aftur heim, þegar Jón Björn bar að niður stigann frá efri hæð hússins, þar sem hann hafði dvalist um stund í annarri íbúð. Lokaði húsráðandinn þá dyrunum fyrir ákærða, en tjáði Jóni Birni, að ákærði væri vopnaður. Þrátt fyrir þá viðvörun opnaði Jón Björn dyrnar og yrti á ákærða. Hófust átök milli þeirra án frekari umsvifa, án þess að séð verði, að ákærði hafi þar orðið fyrri til. Hafði Jón Björn ákærða þegar undir í anddyrinu og reyndi að afvopna hann, en ákærði streittist á móti. Ákærði hafði haldið á dúkahnífnum í hægri hendi og skrúfjární í hinni vinstri, og fékk Jón Björn áverka af báðum þessum verkfærum. Var langt skurðsár á hægri framhandlegg alvarlegast þeirra meiðsla. Viðureigninni og afleiðingum hennar er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi, en húsráðandinn varð einn vitni að henni.

Sýnt verður að telja, að ákærði hafi viljað reyna að ná sér niðri á Jóni Birni eftir ófarir sínar af hans völdum og þá búist við að geta neytt umræddra verkfæra með einhverjum hætti. Hins vegar hafi hann naumast gert sér skipulega grein fyrir því, hvernig þeim hefndum yrði við komið, og vissi hann ekki, hver aðkoman yrði, þegar hann leitaði inngöngu í húsið. Honum var þá sagt, að Jón Björn væri farinn, og var ákærði ekki viðbúnari en hinn síðarnefndi, þegar þeir hittust aftur, en auk þess var móðurinn nokkuð af honum runninn eftir viðræður hans og húsráðanda. Í átökunum, sem síðan urðu, lenti ákærði umsvifalítið í varnarstöðu, og verður ekki séð, að hann hafi haft ráðrúm til markvissra viðbragða. Ósannað er, þegar á allt þetta er litið, að ákærði hafi búið yfir ásetningi um að svipta andstæðing sinn lífi, þegar átökin hófust, þótt hann hefði áður haft slíkt á orði. Ætla verður enn fremur, að tilviljun hafi ráðið mestu um þá áverka, er í þeim hlutust, og er varhugavert að fullyrða, að ákærði hafi beitt verkfærum sínum með þeim hætti, að hann hafi hlotið að sjá fyrir, að bana gæti af leitt. Er þá ekki unnt að sakfella hann fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga. Eigi að síður hafði hann stofnað til stórfelldrar og bráðr-

ar hættu, og verður hann talinn sekur um líkamsárás, er varði við 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, sem einnig er til vísað í ákæru málsins.

Ákærði var ekki þannig staddur, að atferli hans verði metið sem neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er ungur að árum og hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn refsilög. Við ákvörðun refsingar á hendur honum er þess einnig að gæta, að verknaður hans var framinn í átökum við þann, sem misgert var við, og jafnframt í mikilli reiði og geðæsingu, sem sá aðili hafði vakið. Eru því skilyrði til að lækka refsinguna verulega frá því marki, sem annars ætti við, á grundvelli 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, og 4. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af öllu þessu telst refsingin hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Komi þar til frádráttar vist ákærða í gæsluvarðhaldi 2. janúar 1997 til 5. sama mánaðar, en þann dag var ákærði látinn laus.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað gagnvart ákærða.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Andri Páll Jónsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. janúar 1997 til 5. sama mánaðar með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað vegna ákærða á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 30. júní 1997.

Ár 1997, mánudag 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara ásamt meðdómurunum Gunnari Aðalsteinssyni og Sveini Sigur-

karlssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-117/1997: Ákærvaldið gegn Andra Páli Jónssyni og Jóni Birni Lárussyni, sem dómtekið var 2. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Mál er með ákæru, út gefinni 15. apríl sl., höfðað gegn Andra Páli Jónssyni, Brekkubraut 5, Keflavík, kt. 170878-4189, og Jóni Birni Lárussyni, Hringbraut 95, Keflavík, kt. 260577-4339, fyrir líkamsárás hvorum á hendur öðrum að morgni miðvikudags 1. janúar 1997 í og fyrir utan fjölbýlishúsið Faxabraut 5, Keflavík.

1. Ákærða Jóni Birni er gefið að sök að hafa um kl. 9.30–10.00 fyrir utan fjölbýlishúsið Faxabraut 5 ráðist á ákærða Andra Pál og slegið hann og hent honum nokkrum sinnum í jörðina og hent honum yfir grindverk fyrir framan innganginn að húsinu með þeim afleiðingum, að Andri Páll hlaut skrámur og mar á enni hægra megin, skrámur og mar yfir hægri síðu neðan rifboga og skrámur á vinstri fótlegg. Auk þess var fjöldi marbletta víðs vegar um líkamann.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

2. Ákærða Andra Páli er gefið að sök að hafa eftir fyrrnefnda líkamsárás farið til heimilis síns að Brekkubraut 5, Keflavík, sótt þar dúkahníf og skrúfjárn og farið aftur að Faxabraut 5, en þangað kom ákærði um kl. 11.00. Í anddyri hússins lenti ákærðu saman aftur, og í þeim átökum lagði ákærði Andri Páll til ákærða Jóns Björns með dúkahnífnum og skrúfjárninu, svo að af hlutust eftirgreindir áverkar:

1. Skálægt tiltölulega grunnt sár vinstra megin á brjóstkassa rétt undir holhendi. Nær sárið grunnt niður í undirfitu húðarinnar og er um 3 cm að lengd.

2. Lítið sár á framanverðu vinstra læri, sem sömuleiðis nær grunnt niður í undirfitu húðar og er ca. 2 cm að lengd.

3. Stórt sár á hægra læri, sem nær skálægt frá utanverðu miðju lærinu og niður fram á við hnéskel. Er opið inn á lærvöðva í því sári, en ekki inn í sjálfan hnéliðinn. Eðlileg réttigeta þó í hnélið.

4. Stórt sár á hægri framhandlegg, sem nær nánast frá utanverðum nær-enda framhandleggjarins og skálægt niður á við og fram á við og endar um framanverðan framhandlegg neðanvert. Hafði verið til staðar góður æðapúls í æðinni utanvert við úlnliðinn, en við aðgerð er staðfest, að sú æð er skorin í sundur um miðbik framhandleggjarins. Jafnframt er húðgrein einnar af þremur aðaltaugum handarinnar (ramus superficialis nervus radialis) skorin í sundur um miðbik framhandleggjarins. Auk þessa áverka á æð og taug eru þrjár réttisinar og að hluta til ein beygisin skornar í sundur í sárinu.

Jón Björn var fluttur á Sjúkrahús Suðurnesja, en þaðan á Sjúkrahús Reykjavíkur og gekkst þar undir aðgerð.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Pá er þess og krafist við aðalmeðferð málsins, að ákærðu greiði kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða Andra Páls er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds og að verjanda sínum, Ásgeiri Jónssyni hdl., verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði. Til vara er krafist sýknu af 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, og að ekki verði dæmd refsing fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga. Til þrautavara er þess krafist, að ákærði Andri hljóti lágmarksrefsingu og brot hans felld undir 219. gr. almennra hegningarlaga og fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið. Einnig er þess krafist, að málsvarnarlaun skipaðs verjanda verði greidd úr ríkissjóði.

Ákærði Jón Björn krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara, ef til sakfellingar kæmi, að hann yrði dæmdur til vægustu refsingar, þ. e. lítils háttar sektar, eða að refsing yrði niður felld. Þá krefst hann þess, að sakarkostnaður, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda síns, Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hdl., greiðist úr ríkissjóði. Verjandi Jóns Björns hefur mótmælt sérstaklega framlagningu ferilsskýrslu lögreglu um ákærða, er fram hefur verið lögð sem dómskjal nr. 3, bls. 9–13. Telur hann skýrslu þessa málinu algjörlega óviðkomandi og beri því að virða að vettugi, enda einungis til þess fallin að meiða æru sakbornings og ákæruvaldinu ósæmandi. Hljóti það að teljast andstætt lögum að vísa til hennar í málflutningi, og vísaði hann í því sambandi til 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Málavextir.

Miðvikudaginn 1. janúar 1997 kl. 11.15 barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um einhver læti að Faxabraut 5 í Keflavík. Frásögn tilkynnanda var mjög óljós, en þó kom fram, að einhver væri að drepa einhvern. Lögreglumenn fóru þegar á staðinn og sáu þar mann liggja alblóðugan og, að því er virtist, meðvitundarlausan á götunni framan við húsið númer 5 við Faxabraut, en fyrir utan húsið voru tveir eða þrír menn á ferli. Hinn slasaði reyndist vera Jón Björn Lárusson, Hringbraut 95, Keflavík, og var hann fluttur á Sjúkrahús Reykjavíkur til aðgerðar, en hann var illa skorinn á hægri handlegg og auk þess á hægri og vinstra læri og með grunnan skurð á brjóstakassa. Við akbrautina þarna var ákærði Andri Páll á gangi, ber að ofan og alblóðugur. Var bent á hann sem þann, er veitt hefði Jóni Birni áverkana. Var hann greinilega í miklu uppnámi, er hann var handtekinn.

Tjáði hann lögreglumönnum þarna á staðnum, að Jón Björn hefði lamið sig í klessu fyrr um morguninn. Eftir það hefði hann farið heim til sín að Brekkubraut 5 og tekið með sér þaðan tvö skrufjárn og dúkahníf, sem hann hugðist nota á Jón Björn. Hann hefði svo farið aftur að Faxabraut 5 og hitt aftur Jón Björn, sem ráðist hefði að sér að nýju. Hann margítrekaði, hversu mikill asni þessi Jón Björn hefði verið að lemja sig í fyrra skiptið og æsa sig upp með því. Fannst Andra Páli, að Jón Björn hefði niðurlægt sig. Sýndi hann lögreglumönnum áverka á höfði, sem hann kvað Jón hafa veitt sér, er hann barði hann fyrr um morguninn. Þá hefði hann týnt gleraugum sínum í síðari átökum. Ákærði Andri Páll var fluttur á lögreglustöðina og þangað fenginn læknir, sem tók honum blóð til alkóhólrannsóknar og skoðaði hann. Þá var fengið hjá honum þvagsýni til fíkniefnaathugunar. Lögreglan gerði og vettvangsrannsókn að Faxabraut 5, sem er tveggja hæða hús og þrjár íbúðir á hvorri hæð. Gengið er inn í húsið um dyr á austurhlið þess, og er þá komið inn í forstofu. Úr henni er gengið inn í íbúðirnar á neðri hæð, en stigi liggur upp á hina efri. Þar er stigapallur, og er gengið af honum inn í íbúðirnar á þeirri hæð. Mikið blóð var í stigaganginum milli íbúðanna á neðri hæð, þar sem síðari átökin urðu. Var blóðslóð frá útidyrum út á miðja götu, þar sem Jón Björn hafði lagst niður, og hafði þar myndast blóðpollur. Á staðnum fannst skrufjárn og dúkahnífur, og var hvort tveggja atað blóði. Austan megin á efri hæð hússins er íbúð, sem þær Ingibjörg Kristinsdóttir og Ármey Sigurðardóttir höfðu á leigu. Var hurð íbúðarinnar brotin, og lá læsingin á símaborði þar innan við. Af umgengni í íbúðinni mátti ráða, að þar hefði verið samkvæmi um nóttina. Á neðri hæð, þegar komið er inn um útidyr, er íbúð Daníels Fjeldsted á vinstri hönd, og hafði dyraumbúnaður verið brotinn að innanverðu, og kom fram hjá Daníel, að það hefði gerst í átökunum milli ákærðu, Andra Páls og Jóns Björns. Teknar voru ljósmyndir af vettvangi og gerður uppdráttur. Að því búnu var farið með húsráðendur í framangreindum íbúðum og gesti þeirra til skýrslutöku á lögreglustöðina í Keflavík. Þar voru og teknar ljósmyndir af ákærða Andra Páli og fatnaði hans, og kom þá í ljós, að hann var með annað skrufjárn, sem hann hafði geymt í nærbuxum sínum við kynfærin.

Í blóði ákærða Andra Páls mældist 1,84% alkóhóls og í þvagi 2,59% alkóhóls, en amfetamín, kannabínoíðar eða lýsergíð voru ekki í mælanlegu magni í þvagi.

1. Líkamsárás á Andra Pál.

— — —

2. Líkamsárás á Jón Björn.

Ákærði Andri Páll var mjög reiður, er hann kom heim til sín á nýárs-morgun eftir átökin við Jón Björn, sem hann taldi hafa niðurlægt sig. Hann

kvaðst hafa komið heim til þess að sækja veiðihníf, sem hann átti og ætlaði að hræða Jón Björn með. Hann var ekki viss um, hvort hann hefði fundið hnífinn eða hann verið tekinn af honum. Ljóst er samt af framburði foreldra ákærða Andra Páls, að ákærði fann hnífinn og lagði hann frá sér í vaskinn í salerni hússins, meðan hann sýndi þeim, hvernig hann var útleikinn eftir framangreind átök við Jón Björn. Sá þá faðir hans hnífinn og tók hann og faldi, án þess að ákærði Andri Páll yrði þess var. Fram kom, að föðurnum var ljóst, að Andri Páll hafði ekkert við hníf að gera í því ástandi, sem hann var. Hafði hann reynt að ræða við Andra Pál, en engu sambandi náð við hann. Til einhverra stimpinga hafði komið, er hann reyndi að koma í veg fyrir, að Andri Páll færi út. Hann hafði ekki haldið Andra Páli til þess að koma í veg fyrir, að hann kæmist út, talið, að það yrði óhætt, eftir að búið var að taka af honum hnífinn.

Móðir ákærða Andra Páls sagði, að hann hefði verið talsvert ölvaður og ofsareður. Hefði Andri Páll grenjað af reiði og endurtekið í sífellu: „Sérðu, hvernig hann (sem hann tilgreindi ekki) er búinn að fara með mig.“ Leyndi sér ekki, að hann ætlaði að hefna sín á árásarmanninum. Hann átti viðdvöl heima hjá sér hátt í eina klukkustund og var allan tímann mjög æstur. Fór hann síðan út um aðaldyrnar, en kom svo inn skömmu síðar, og héldu foreldrar hans þá, að hann væri farinn að róast. Hann hafði þá ætt um húsið fram og til baka og loks farið út um þvottahússdyrnar. Í skáp í þvottahúsinu geymdi faðir ákærða Andra Páls verkfæri sín, og kom í ljós, að Andri hafði tekið þaðan dúkahníf og tvö skrúfjárn. Hafði hann sett annað skrúfjárníð inn á sig, í nærbuxurnar, svo sem í ljós kom eftir handtöku hans. Hinu kvaðst hann hafa haldið á í annarri hendi og verið með dúkahnífinn í hinni, er hann hélt aftur að Faxabraut 5. Ber hann því við, að hann hafi ætlað að hræða Jón Björn með dúkahnífnum og skrúfjárninu.

Ákærði Andri Páll hringdi dyrabjöllu að íbúð Daníels Fjeldsted, og kom Daníel til dyra. Mundi Andri Páll lítið eftir því, sem þeim fór á milli, en sagði Daníel, að hann væri að leita að Jóni Birni, og hafði Daníel þá sagt, að hann væri farinn. Andri Páll kvaðst þá hafa haldið skrúfjárninu og dúkahnífnum fyrir aftan bak og hélt, að hann hefði ekki sýnt Daníel þau.

Samkvæmt vitnisburði Daníels hafði ákærði sýnt vitninu, að hann var með dúkahníf í annarri hendi og skrúfjárn í hinni, og sagt, að hann ætlaði að drepa Jón Björn, þar sem hann hefði barið sig nokkru áður. Hann spurði einnig um heimilisfang Jóns Björns. Lýsti vitnið því, að því hefði virst ákærði vera rólegur og í jafnvægi, en því hefði fundist hann geðveikislegur til augnanna. Vitnið kvaðst hafa talað við ákærða í útidyrnunum í tíu til fimmtán mínútur og reynt að segja honum, hvaða vitleysu hann væri að

gera, og afleiðingar þess, ef hann yrði manni að bana. Vitninu hefði fundist sem ákærði hefði í lokin verið farinn að sættast á að fara heim og brosað, þegar vitnið spurði hann að því, hvort hann vildi ganga undir nafninu Hnífa-Andri. Sagði vitnið, að blaðið á dúkahnífnum hefði verið alveg út í fyrstu, en meðan vitnið ræddi við ákærða, hefði Andri Páll stungið blaðinu upp í sig og bitið af því og svo spýtt út úr sér blaðinu, og taldi vitnið, að það hefðu verið tveir blaðhlutar. Á vettvangi fundust þrjú afbrotin blöð af dúkahníf, en ekki minnst ákærði þess að hafa brotið framan af hnífnum.

En í því, að Andri var að sættast á að fara heim, kom Jón Björn niður stigann. Hafði hann verið í heimsókn hjá Ármeyju og Ingu og farið þangað, er hann fór frá Daníel, sem hafði haldið hann vera á heimleið. Vitnið Daníel kvað ákærða Andra hafa magnast allan upp, er hann sá Jón Björn koma niður stigann, og ástand hans farið í sama horf og það var, þegar hann kom. Otaði Andri Páll dúkahnífnum að vitninu og sagði: „Þú varst að ljúga að mér.“ Vitnið hefði sagt ákærða Andra, að það hefði ekki vitað af Jóni Birni uppi á efri hæðinni, en jafnframt beðið hann að fara heim að sofa og lokað dyrunum á hann. Vitnið kvað Jón Björn hafa viljað fara út á eftir ákærða Andra, en kvaðst hafa gert honum grein fyrir, að ákærði Andri væri vopnaður skrúfjárn og dúkahníf og hefði sagst ætla að drepa hann. Það kvaðst og hafa gert honum grein fyrir því, hversu hættulegur dúkahnífur væri, en hann engu að síður viljað fara út og afvopna Andra.

Jón Björn kvaðst svo hafa opnað útidyrnar, og stóð þá Andri Páll fyrir utan með hendur fyrir aftan bak. Jón Björn kvaðst þá hafa sagt við Andra Pál: „Hvað í helvítinu ætlar þú að gera?“ Eftir þetta hefði Andri otað að sér teppaskurðarhníf, sem hann var með. Stóðu þeir þá mjög nálægt hvor öðrum, og því hefði Jón Björn ýtt á öxlina á ákærða Andra. Tók hann þá eftir því, að ákærði Andri var með skrúfjárn í vinstri hendi, en hnífinn í hinni hægri. Kvað hann Andra hafa fallið lítið eitt við, þegar hann ýtti á hann, en sveiflað hnífnum og þá sennilega skorið sig, en kvaðst ekki þá né síðar hafa orðið var við sár sín. Hann kvaðst líklega hafa hopað inn, þegar ákærði Andri sveiflaði hnífnum og ákærði Andri þá komið inn á eftir sér. Hann kvaðst svo hafa tekið ákærða Andra og skellt honum á gólfið og það tekið skamma stund. Kvaðst hann þá hafa tekið eftir því, að sjálfur var hann blóðugur. Hann kvað ákærða Andra Pál svo hafa náð að skera sig í hægri hönd og hann þá öskrað á ákærða Andra, hvort hann ætlaði að drepa sig, og ákærði þá sagt, að sér væri alveg sama. Kvaðst hann þá hafa skallað ákærða Andra þrisvar í andlitið, meðan hann hélt honum niðri, en taldi sig ekki hafa gert það, fyrr en eftir að Andri hefði skorið sig í handlegginn, enda aldrei dottið í hug að sleppa höndunum á ákærða, sem var með hníf,

og því skallað hann. Hann hefði setið klovvega ofan á Andra og haldið höndum hans niðri við gólf, og hefði Andri ekki getað losað hendurnar til að skera sig, heldur verið búinn að því áður. Hann hefði svo fundið, að hann var allur að dofna, og beðið Axel Waltersson, sem stóð við hliðina á sér, að halda Andra og Axel tekið í vinstri hönd Andra og Daníel í þá hægri. Jón Björn kvaðst svo hafa farið ofan af Andra og gengið út og haldið, að þetta væri sitt síðasta, hann hefði verið alblóðugur og haldið um höndina. Mundi hann næst eftir sér, er hann lá í götunni og sjúkraflutningamenn reyndu að vekja sig með því að slá sig í andlitið.

Ákærði Andri kvaðst ekki muna eftir því að hafa otað dúkahnífnum að Daníel, og ekki mundi hann heldur, hvort Daníel lokaði á sig dyrunum og hvatti sig til að fara heim. Hann hefði séð Jón Björn koma niður stigann og fara inn í íbúðina hjá Daníel. Næst mundi Andri eftir Jóni Birni, þar sem hann stóð í útidyrnum. Hann minnti, að Jón Björn hefði gripið til sín og hann þá kýlt hann með vinstri hendi, sem hann hélt skrufjárninu í. Hann kvaðst vera rétthentur, en ekki muna, hvort Jón Björn hefði ráðist á sig, áður en hann kýldi sig í magann. Næst myndi hann eftir, að Jón Björn annaðhvort sat ofan á sér eða var boginn yfir sér og var að berja sig. Ekki gerði hann sér grein fyrir því, hvar högginn lentu, en kvaðst hafa borið hendurnar fyrir sig til að verjast þeim. Var hann þá með hnífinn í hægri hendi, en skrufjárnið í hinni vinstri. Aðspurður mundi hann ekki eftir því að hafa skorið Jón Björn né að hafa stungið skrufjárninu í hann. Hann kvað svo Jón Björn allt í einu hafa hætt að berja sig og hann verið leiddur út.

Vitnið Daníel sagði við skýrslutöku hjá lögreglu, að Jón Björn hefði ekki hlustað á viðvaranir þess, heldur rífið upp útidyrnar og þrifið í ákærða Andra og skellt honum í gólfið. Er vitnið bar hér fyrir dómi, var það ekki visst um að hafa séð Jón Björn þrifa í ákærða og skella honum í gólfið, þar sem það var á leið í símann. Jón Björn og Andri hefðu verið komnir inn á ganginn og Jón Björn sest klovvega ofan á ákærða Andra og haldið höndum hans niðri. En er hann missti takið á hægri hendi Andra, hafi Andri Páll sveiflað hendinni og skorið Jón Björn í handlegginn, svo að blóð spýttist út. Ekki kvaðst vitnið hafa séð, er Jón Björn var skorinn annars staðar á líkamnum. Það kvað Jón Björn hafa skallað ákærða Andra, eftir að hann var skorinn í handlegginn. Vitninu fannst sem Andri hefði skorið viljandi og var þess fullvisst, að hann hefði ætlað að skera Jón Björn af ásetningi. Það hefði ekki heyrt nein orðaskipti milli Jóns Björns og Andra, eftir að Jón Björn var skorinn í handlegginn, og greinilegt hafi verið, að Jón Björn tók ekki eftir því, að hann hafði verið særður. Hefði hann þá sagt honum, að blóð spýttist úr handlegg hans, og hann þá fyrst tekið eftir því og orðið

mjög hræddur og beðið um, að hringt yrði á sjúkrabifreið. Vitnið hefði kallað á Axel Má Waltersson, sem var inni í íbúð þess, sér til aðstoðar við að halda Andra og þeir síðan haldið honum, meðan Jón Björn stóð upp. Fór Jón Björn út á götu, þar sem hann hneig niður.

Vitnið kvaðst í fyrstu, er það talaði við ákærða Andra, áður en til átakanna kom, ekki hafa tekið það alvarlega, þó að Andri segðist ætla að drepa Jón Björn, en er Andri sýndi því dúkahnífinn og skrúfjárníð, hefði það talið, að hugur fylgdi máli, og því reynt að róa hann. Það kvaðst vera viss um, að Andri hefði ætlað að drepa Jón Björn. Hann hefði verið í því ástandi. Fannst vitninu það ekki eðlilegt, að ákærði skyldi tala um að drepa Jón Björn eftir svona langan tíma frá fyrri átökum.

Hvorki Axel Már né önnur vitni, sem kvödd voru til, gátu borið um átökin eða upphaf þeirra, heldur komu þau að í lokin og sáu, hvernig ákærði Andri og Jón Björn voru útleiknir, og ummerki á staðnum. Þar tjáðu þeir sig ekki neitt við vitnin um átökin.

Í vottorði Yngva Ólafssonar, læknis á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, er lýst áverkum þeim, sem Jón Björn hlaut, og er sú lýsing tekin upp í ákæruskjal, en í vottorðinu kemur og fram, að æðin á handleggnum hafi verið saumuð saman sem og taugin og sinar.

Niðurstaða læknisins er sú, að Jón Björn hafi hlotið alvarlega áverka, sem fyrir utan varanleg ör hafi haft lífshættu í för með sér, annars vegar vegna blæðingar og hins vegar vegna skurðsársins á brjóstkassa, sem þó til allrar hamingju hafi reynst grunnt.

Þá kemur fram í læknisvottorði Þórðar Njálssonar til atvinnurekanda, dags. 28. febrúar sl., að Jón Björn er þá enn með öllu óvinnufær vegna áverka í hægri handlegg.

Álit réttarins.

I.

Ekki er fram komið, að Andri Páll hafi gefið ákærða Jóni Birni sérstakt tilefni til þess að ráðast að honum. Hann átti í stimpingum við húsráðanda, Daníel Fjeldsted, og fleiri, sem voru að reyna að koma honum út úr íbúðinni, og verður ekki ráðið af framburði vitna, að ákærði Jón hafi verið kallaður til aðstoðar. Hann mat það hins vegar svo, að hann hefði öðrum fremur burði til að ráða við Andra Pál, og blandaði sér í átökin og átti þátt í því að koma honum út úr húsinu. Var ljóst, að átök yrðu milli ákærða Jóns Björns og Andra Páls. Rétturinn fær samt ekki séð, að neitt réttmætt tilefni hafi verið til þess, að ákærði Jón Björn færi í átök við Andra Pál, eftir að honum hafði verið komið út úr húsinu.

Með framburði ákærða Jóns Björns, sem fær stoð í vitnisburði Arthurs Galvaez, er nægilega sannað, að ákærði Jón Björn sneri Andra Pál þrívægis niður og henti honum svo yfir grindverk framan við húsið. Þykir rétt að draga þá ályktun, að afleiðingar þessa hafi verið skrámur og mar á enni, hægri síðu og skrámur á vinstri fótlegg. Þessa áverka staðfesta foreldrar Andra Páls. Andri Páll er það óviss í framburði sínum, að ekki verður gegn neitun ákærða Jóns Björns talin fram komin næg sönnun um, að Jón Björn hafi slegið hann í átökum þessum. Ákærði Jón Björn þykir með framangreindum verknaði hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærðu Andri Páll og Jón Björn lentu í átökum fyrir utan Faxabraut 5, Keflavík, nýársdagsmorgun 1997. Tilefnið var, að húsráðandi vildi koma Andra Páli út, sem hann taldi vera með læti í samkvæmi, sem þar var haldið. Ákærði Jón Björn veitti húsráðanda liðveislu, og spruttu af því átök fyrir utan húsið. Af framburði ákærða og vitnis má ráða, að Jón Björn hafi náð undirtökum og snúið Andra Pál niður að jörð og hrint honum yfir grindverk. En í þessum átökum týndi Andri Páll augnlinsunum og gekk skólaus heim og í mjög æstu skapi. Þegar heim kom, fann hann sér hníf og hugðist fara til baka. Reyndu þó foreldrar hans að róa hann og telja honum hughvarf og földu hnífinn. Samt fór hann út aftur hálfri til einni klukkustund síðar og var þá vopnaður flugbeittum og stórhættulegum dúkahníf og tveimur skrúfjárnnum. Annað skrúfjárnið faldi hann innan klæða, og þykir fullyrðing ákærða um, að hann hafi ætlað að hræða Jón Björn, afar ósennileg, þegar litið er til eftirfarandi atferlis hans. Gekk hann síðan rակleidis aftur að Faxabraut 5 og spurði eftir Jóni Birni. Kom vitnið Daníel Hrafn Fjeldsted til dyra, og sýndi ákærði honum vopnin og kvaðst ætla að drepa Jón Björn og beit jafnframt þrjú blöð framan af dúkahnífnum, sem venjulega er gert til þess, að þeir bítu betur. Reyndi Daníel að róa Andra Pál um stund, en þá kom Jón Björn í anddyrið, og skipti engum togum, að hann rauk að Andra Páli, um leið og hann sá hann, og lentu þeir í átökum. Skeytti hann ekki um þau viðvörunarorð Daníels, að Andri Páll væri vopnaður. Hafði Jón Björn Andra Pál undir, en meðan hann var að skella Andra Páli, risti hinn síðarnefndi hinn fyrrnefnda með dúkahnífnum með þeim afleiðingum, sem í ákeru og læknisvottorði greinir. Atlagan var lífshættuleg, og mátti ákærða Andra Páli vera ljóst, að mannsbani gæti af hlotist. Þegar litið er til alls aðdraganda atlögunnar, þykir ákærði hafa gerst sekur um tilraun til manndráps skv. 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðun refsingar o.fl.

1. Ákærði Jón Björn.

— — —

2. Ákærði Andri Páll.

Ákærði Andri Páll hefur einu sinni undirgengist sátt fyrir brot á umferðarlögum.

Við refsímat vegna brots ákærða þykir verða að taka tillit til þess, að at-laga hans að Jóni Birni er gerð í mjög mikilli reiði og geðshræringu, sem telja verður, að Jón Björn hafi vakið hjá honum með fyrri átökunum, þar sem hann er beygður þrívægis í duftið og svo kastað út fyrir grindverk, þar sem hann lenti í möl og var þá skólaus og linsur hans týndar. Hann taldi sig því hafa verið gróflega niðurlægðan. Eru því skilyrði til að færa refsingu verulega niður með vísun til 4. tl. 1. mgr. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 2. janúar til 9. janúar 1997 komi með fullri tölu til frádráttar refsingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af sínum þætti sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Jónssonar hdl., 85.000 krónur, og 70.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Smátöf hefur orðið á uppsögu dóms þessa vegna anna aðaldómarans í málinu.

D ó m s o r ð:

Refsing fellur niður á hendur ákærða Jóni Birni Lárussyni.

Ákærði Andri Páll Jónsson sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. janúar til 9. janúar 1997.

Ákærði Jón Björn greiði allan kostnað af sínum þætti sakarinnar, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun og 112.500 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hdl.

Ákærði Andri Páll greiði allan kostnað af sínum þætti sakarinnar, þar með taldar 70.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 85.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Jónssonar hdl.
